

ÓSK UM SAMSTARF VIÐ HAFNARFJARÐARBÆ FRÁ HÖNNUNARSJÓÐI AURORU UM UMSÓKN TIL NORDIC BUILT

Með bréfi þessu óskum við undirrituð fyrir hönd Hönnunarsjóðs Auroru eftir samstarfi við Hafnarfjarðarbæ um umsókn í verkefnið Nordic Built Cities Challenge með verkefni sem við hjá Sjóðnum höfum haft frumkvæði um að móta og gengur undir vinnuheitinu St. Jósefs. Þetta er verkefni um mögulega nýtingu húseigna fyrrum St. Jósefsspítala og aðliggjandi lóðir sem Hafnarfjarðarbær hefur áform um að endurskipuleggja nýtingu á.

Fyrirkomulag verkefnisins er þannig háttað að samnorræn dómnefnd velur átta af innsendum verkefnum til þátttöku. Eigendur þeirra verkefna fá fjárframlag allt að 500.000 NOK til að standa straum af kostnaði við þátttöku, skilgreina verkefnið enn frekar, útbúa samkeppnisgögn og halda samkeppni í viðkomandi landi. Aðstandendur allt að fjögurra áhugaverðustu tillagna í þeirri samkeppni fá 300.000 NOK til að útfæra tillögur sínar enn frekar. Ein af þessum tillögum keppir svo um að verða norrænn vinningshafi Nordic Built Cities Challenge en vinningshafi hlýtur að launum 1.200.000 NOK.

Sjá nánari um verkefnið St. Jósefs í meðfylgjandi drögum að umsókn og um verkefnið Nordic Built Cities Challenge á slóðinni www.nordicbuiltcities.org

Hugmynd okkar í sjóðnum er sú að sótt verði um í nafni Hönnunarsjóðs Auroru í samstarfi við Velferðarráðuneytið og Hafnarfjarðarbæ. Hlutverk Hönnunarsjóð Auroru væri að skilgreina verkefnið og annast gerð umsóknar og ef verkefnið verður valið til þátttöku þá væri það hlutverk sjóðsins að hafa yfirumsjón með frekari undirbúningi og framkvæmd verkefnisins og bera ábyrgð á öllum samskiptum við verkefnisstjórn Nordic Built og annast og bera ábyrgð á fjármálum verkefnisins. Allir þrír samstarfsaðilarnir ættu fulltrúa í dómnefnd. Æskilegt væri að samstafsáðilar mynduðu með sér verkefnisstjórn. Við hjá sjóðnum fengum Sigrúnu Birgisdóttir arkitekt og Deildarforseta Hönnunar og Arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands til að aðstoða okkur við skilgreiningu á verkefninu og við gerð umsóknar. Sigrún er tilbúin til að fara fyrir þessu verkefni. Ef verkefnið verður valið er það mat okkar í sjóðnum að ótvíræður ávinningur sé af þátttöku fyrir eigendur umræddra bygginga og lóða. Við teljum að góð þátttaka verði í samkeppni sem þessari og kostnaður verð ekki mikill fyrir þátttakendur þar sem að hægt verði að framkvæma verkefnið að stærstum hluta fyrir það framlag sem veitt er úr verkefnissjóði Nordic Built. Þátttaka Hönnunarsjóðs Auroru í þessu verkefni fellur vel að hlutverki sjóðsins sem er meðal annars það að stuðla að og standa fyrir verkefnum sem eru til þess fallin að auka veg hönnunar í uppbyggingu í samfélaginu.

Samhljóðandi erindi er sent Velferðarráðuneytinu.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Hönnunarsjóðs Auroru,

Guðrún Margrét Ólafsdóttir
húsgagna og innanhússarkitekt og
framkvæmdastjóri Hönnunarsjóðs Auroru

Jóhannes Þórðarson
arkitekt og stjórnarformaður Hönnunarsjóðs Auroru